

Ágætu íbúar!

Nú sendum við aftur til ykkar sorphirðudagatal ásamt leiðbeiningum og reglum sem við viljum endilega biðja ykkur að fara eftir svo flokkun og sorphirða gangi snurðulaust fyrir sig. Við skorum á alla sem enn eru ekki farnir að flokka sinn úrgang að hefjast handa, og sinna þessari skyldu því það er **bannað** að setja endurvinnanlegan úrgang í urðun. Þessar upplýsingar eru einnig birtar á vef Strandabyggðar strandabyggd.is undir stofnanir/Sorpsamlag Strandasýslu.

Atriði sem hafa þarf í huga varðandi sorphirðuna og umgengni við sorphílát.

- **Það er bannað að setja endurvinnanlegan úrgang í sorptunnurnar við heimili og önnur ílát sem ætluð eru fyrir úrgang til urðunar.**
- **Lokuðu gámarnir á Skeiðinu og á Drangnesi eru undir heimilisúrgang í urðun. Það er bannað að setja endurvinnanlegan úrgang í gámana.**
- **Það er losuð ein 240 lítra tunna eða tvær 120 lítra frá hverju heimili á sorphirðudögum, þar sem tunnulosun er. Þókar og annar úrgangur við tunnurnar er ekki tekið.**
- **Sorphílát skulu vera staðsett götumegin við hús.** Vilji húseigendur staðsetja tunnur sínar annarsstaðar verða þeir að koma þeim fram fyrir hús á sorphirðudögum. (Sjá sorphirðudagatal). **Annars verður litið svo á að ekki þurfi að losa ílátið.**
- **Sorphílát mega ekki vera fest með bandi.** Ílát sem eru bundin föst verða ekki losuð.
- **Aðgengi að sorphílátum skal vera gott.** Aðgengi getur ekki talist gott ef ílát eru krúðuð af með garðslöngum, reiðhjólum, snjóþotum, sleðum, bílum eða einhverju öðru.
- **Við viljum benda húseigendum á að hreinsa snjó frá sorphílátum. Við álítum að sé ekki hreinsað frá ílátum og mögulegt með góðu móti að kom þeim að bílnum á sorphirðudegi þurfi ekki að losa ílátið.**

Sorpsamlag Strandasýslu þakkar gott samstarf við flokkun og sorphirðu á árinu 2021.

Gleðilegt ár!

Sorpsamlag Strandasýslu

Flokkar endurvinnanlegs úrgangs

Skilað á móttökustað eða í móttökugáma

Pappír:

Í þennan flokk á að fara: Dagblöð, tímarit og annar glanspappír, prentpappír, umslög eða sambærilegt. **Ekki handþurrkur og eldhúspappír.** Pappírinn má ekki vera blautur og ekki í umbúðum úr plasti eða öðrum efnum.

Pappi (sléttur og bylgju):

Í þennan flokk fer: Morgunkornspakkar, eggjabakkar, bylgjupappi eða sambærilegar umbúðir, án matarleifa (pizzukassar). **Mikilvægt er að fjarlægja plastumbúðir og annað úr pappakössum utan af raftækjum og fleiru, pappinn má ekki vera blautur eða óhreinn.**

Fernur:

Í þennan flokk á að fara: Allar fernur, með og án álfilmu. **Aðeins fernur, ekki annar pappi. Munið að skola vel fernurnar og láta þorna.**

Glært plast:

Í þennan flokk á að fara: Allt plast sem er glært og mjúkt, **enginn litur eða stafir.** Til dæmis plastfilma, plastpokar og aðrar plastumbúðir sem eru mjúkar og glærar. Límmiðar eru í lagi. **Plastið þarf að vera án matarleifa. Fer í sama op á flokkunargámunum (Ekki á Skeiði) og litað plast. Glært plast á að fara í glærum plastpokum í flokkunargámana.**

Litað plast:

Í þennan flokk á að fara: Allt plast sem er mjúkt og litað. Til dæmis plastpokar og umbúðaplast sem er litað. **Máis pokar og pokar frá verslunum eru ekki úr plasti.** Plastið þarf að vera án matarleifa. **Fer í sama op á flokkunargámunum (ekki á Skeiði) og ólitað. Litað plast á að fara í lituðum plastpokum í flokkunargámana. Plast og ál saman flokkast ekki með plasti. (Snakkpokar og aðrar umbúðir með sömu áferð).**

Hart plast:

Í þennan fara: Sjampóbrúsar, tómatósuflöskur, skyrdósir, jógúrt dósir og aðrar umbúðir úr hörðu plasti. **Umbúðir verða að vera án matarleifa eða annarra óhreininda. Athugið að frauðplast (einangrunarplast) og svampur er ekki endurvinnanlegt.**

Athugið:

Við viljum biðja ykkur að lesa vel þessar leiðbeiningar og leiðbeiningarnar á og við lúgurnar áður en þið setjið endurvinnsluvörurnar inn, það ætti að koma í veg fyrir ranga flokkun. **Mjúkt plast litað og glært fer ekki saman í vinnslu , þess vegna verður að aðgreina það við flokkun.**

Sorpsamlag Strandasýslu sími 893 3531 og 894 0031